



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. júlí, 2009

Umsögn Matis ohf. til Allsherjarnefndar um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Þskj. 105 — 89. mál. Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.

Nokkur rök sem styðja að áframhaldandi forsjá með Matis ohf. verði hjá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu (SLR)

Hin faglega hlið og hlutverk Matis ohf. skv. lögum um stofnun Matvælarannsóknna hf. 2006 nr. 68 er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis. Þessu hlutverki er lýst í þjónustusamningi sem endurspeglar hið nána samband á milli Matis og SLR. Matis er án efa eitt af „hinum þjóðhagslega“ mikilvægu fyrirtækjum sem mega ekki verða munaðarlaus án öflugra bakhjarla, ekki síst nú þegar miklu máli skiptir að stunda sjálfstæðar matvælarannsóknir hérlendis. SLR fjármagnar ekki einstök verkefni, heldur áætlun á víðu sviði um nýsköpun og matvælaöryggi. Reynslan af þjónustusamningi milli aðila er góð og ljóst að SLR er vel upplýstur kaupandi að þjónustunni og félaginu vegnar vel. Það er talsverð hættu á að samband við SLR gliðni fari forsjá með félaginu frá ráðuneytinu. Mikilvægt er að draga fram sérstöðu Matis sem nátengd er framleiðslugreinum matvæla. Samruni sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytis hefur aukið á þetta mikilvægi.

Náið samstarf við menntun á sviði verkfræði og lífvísinda er tengist matvælaframleiðslu er mikilvægur þáttur þar sem vegur hátt þekkingarbrúin sem er mynduð með Matis milli háskólanna og atvinnulífsins, ekki síst á landsbyggðinni. Áhugavert er að leita eftir auknu samstarfi við háskóla og atvinnulíf um rekstur Matis til framtíðar.

Í lagalegu tilliti hefur verið til þess litið varðandi meðferð hlutafjár í opinberum félögum, að með því að fela fjármálaráðneyti (eða öðru ráðuneyti en viðkomandi fagráðuneyti) meðferð hlutafjár, sé fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir hagsmunarékstur. Er þá litið til þess að starfsemi félags heyri undir svið viðkomandi fagráðuneytis, þ.m.t. að því er varðar eftirlit



með starfseminni, og ráðuneyti sé þannig æðra stjórnarsýslustig vegna mála sem til úrskurðar kunna að koma, ef því er að skipta. Þetta á ekki hvað síst við þegar opinber fyrirtæki starfa á samkeppnismarkaði, þ.e. í samkeppni við önnur sambærileg fyrirtæki, en lúta síðan úrskurðarvaldi stofnana, sem einnig heyra undir viðkomandi fagráðuneyti. Sem dæmi má nefna Póst og síma, þegar hann var hlutafélagavæddur, en þá starfaði fyrirtækið á samkeppnismarkaði, laut úrskurðarvaldi Póst- og fjarskiptastofnunar, sem einnig heyrði undir samgönguráðuneytið. Var eignarhald hlutafjár í Símanum hf. síðar fært til fjármálaráðuneytisins, ekki hvað síst af þessum ástæðum, að því er ætla verður.

Þessi sjónarmið eiga ekki við um Matis. Félagið er í alþjóðlegri samkeppni hagnýtra rannsókna við að tryggja innlendum framleiðendum samkeppnisforskot m.a. með að fleyta þekkingu fram. Samkeppni í þeim skilningi ef um er að ræða innanlands, kemur helst frá stofnunum eins og Hafrannsóknastofnuninni eða háskólum. Sá aðili sem keppir við Matis á markaði, þ.e. Rannsóknþjónustan Síni, snertir aðeins örlítinn hluta af starfseminni eða 5-7% veltunnar, vegna svokallaðra þjónustumælinga á sýnum. Matis hefur tryggt með aðgreindu bókhaldi að þær mælingar standa undir sér á eigin forsendum og geta ekki skipt sköpum hér. Enn fremur hefur SLR ekki stöðu æðra setts stjórnvalds gagnvart Matis og hefur þ.a.l. ekki eftirlitsskyldu með Matis í skilningi stjórnarsýsluréttar.

Af þessum ástæðum verður breyting á fyrirsvari vegna hlutafjár í Matis ohf. ekki réttlætt af framangreindum ástæðum.

Virðingarfyllt,

Friðrik Friðriksson
Stjórnarformaður

Sjöfn Sigurgísladóttir
Forstjóri